

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN


- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörksmörk
- Íbúðarbyggð (IB)
- Verslun og þjónusta (VP)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Fristundabyggð (F)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (IP)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opín svæði (OP)
- Flugvellir (FV)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Óbyggð svæði (OB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Hverfisverndarsvæði (HV)
- Friðlýstar fornminjar
- Vatnsbólsvæði (VB)
- Vatnsvernd, grannsvæði
- Vatnsvernd, fjarsvæði
- Hindranafliður flugvallar (HF)

ÞJÓNUSTUKERFI


- Stofnvegir (V.nr.)
- Tengivegir (V.nr.)
- Aðrir vegir (til skýringar)
- Stofnreiðleiðir (RS)
- Héraðsreiðleiðir (RH)
- Gönguleiðir (GL)
- Göngu- og hjólastígir (GH)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem hverfur á skipulagstímabilinu
- Flutningslína rafveitukerfis (jarðstrengur)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Ljósleiðari
- ♦ Fjarskiptasendar

ALMENNAR SKÝRINGAR

- Hæðarlínur (20 m)
- Byggingar
- Eyðibýli



GILDANDI AÐALSKIPULAG M.S.B.R.
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR 1:15.000



BREYTT AÐALSKIPULAG
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR 1:15.000

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

Breyting á aðalskipulagi: Aðveitulagnir vatns- og hitaveitu / Göngu- og hjólastígur

Breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, sem öðlaðist gildi 22.03.2019, felst í eftirfarandi:

Bætt er við aðveitulögn vatnsveitu meðfram þjóðvegi nr. 1 frá sveitarfélagsmörkum við Svalbarðsstrandarhrepp í norðri að sveitarfélagsmörkum við Akureyri í vestri. Aðveitulögn þessi mun flytja kalt vatn frá Vaðlaheiðargöngum og til Akureyrar en einnig til baðstaðar í landi Ytri-Varðgjár (VP22). Aðveitulögn vatnsveitu er sýnd báðumegin við þjóðveg nr. 1 á uppdrætti en heimilt verður að hafa lögnina öðru hvoru megin þjóðveggar og mun endanleg lega ráðast við verkhönnun lagnarinnar. Þá verður heimilt að flytja lögnina milli vegkanta, t.d. um undirgöng eða með borun undir þjóðveginn en sú útfærsla mun einnig ráðast við verkhönnun lagnarinnar.

Bætt er við göngu- og hjólastíg (GH3) meðfram þjóðvegi nr. 1 frá sveitarfélagsmörkum við Svalbarðsstrandarhrepp í norðri að sveitarfélagsmörkum við Akureyri í vestri. Í gildandi aðalskipulagi er göngu- og hjólastígurinn (GH3) sýndur norðan þjóðveggar en breytingin felst í því að sýna stígleguna einnig sunnan þjóðveggar og því verður heimilt að hafa stígin öðru hvoru megin þjóðveggar og mun endanleg lega ráðast við verkhönnun stígsins. Þá verður heimilt að flytja stígin milli vegkanta, t.d. með undirgöngum eða þverun við gatnamót en sú útfærsla mun einnig ráðast við verkhönnun stígsins.

Forsendur

Það vatn (heitt og kalt) sem fellur til eftir framkvæmd Vaðlaheiðarganga er fyrirhugað að nýta bæði fyrir nýjan baðstað í landi Ytri-Varðgjár og kalt vatn verður einnig leitt til Akureyrar og nýtt þar. Samhlíða framkvæmd við lögnina verður gerður göngu- og hjólastígur milli Vaðlaheiðarganga og Akureyrar.

Markmið

Uppbyggingaráform í landi Ytri-Varðgjár stuðla m.a. að markmiði um eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli sem lýst er í kafla 3.2 í greinargerð Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar. Auk þess stuðlar breytingin að markmiðum um eflingu atvinnurekstrar í sveitarfélaginu. Aðveitulagnirnar eru hluti af forsendum fyrir uppbyggingu baðstaðarinnar.

Fyrirhugaður göngu- og hjólastígur stuðlar m.a. að markmiði um aukið umferðaröryggi og bætt stígakerfi gangandi og hjólandi vegfarenda sem er lýst í kafla 3.4 í greinargerð Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar.

Breyting á skipulagsuppdrætti

Bætt er inn aðveitulögn vatnsveitu meðfram þjóðvegi nr. 1 frá sveitarfélagsmörkum við Svalbarðsstrandarhrepp í norðri að sveitarfélagsmörkum við Akureyri í vestri.

Bætt er við göngu- og hjólastíg (GH3) meðfram þjóðvegi nr. 1 (sunnan vegar) frá sveitarfélagsmörkum við Svalbarðsstrandarhrepp í norðri að sveitarfélagsmörkum við Akureyri í vestri.

Breyting á greinargerð

Breyting verður á töflu yfir göngu- og hjólastíga í greinargerð þar sem heimilt er að hafa göngu- og hjólastíg GH3 norðan eða sunnan þjóðveggar nr. 1.

Númer leiðar	Lýsing
GH3	Göngu- og hjólastígur norðan eða sunnan þjóðveggar nr. 1 frá sveitarfélagamörkum við Svalbarðsstrandarhrepp að sveitarfélagamörkum við Akureyri.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif. Fyrirhuguð vatnslögn verður niðurgrafin og umhverfisáhrif hennar því óveruleg. Þá skiptir það ekki máli umhverfislega hvort göngu- og hjólastígur verði norðan eða sunnan þjóðveggar.

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLS- MEÐFERÐ SKV. 2. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN

SVEITARSTJÓRI EYJAFJARÐARSVEITAR

AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN VAR STAÐFEST AF SKIPULAGSSTOFNUN ÞANN 29.09.2021

Grunnkort: Landmælingar Íslands

Myndmældur hæðarlínugrunnur

Hnitakerfi: Lambert

Hnattstaða: ÍSNET 93

Mælikvarði A3: 1:15.000

Unnið fyrir: Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar

Unnið af: Landslag ehf



Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030

Séruppdráttur: Norðurhluti - byggð og byggðakjarnar

Breyting á aðalskipulagi:

- Aðveitulagnir vatns- og hitaveitu / Göngu- og hjólastígur

Dags: 26. ágúst 2021